

Borgarráð 6. mars 2025: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kjarasamninga við aðildarfélög KÍ MSS25030013

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna því að loks hafi verið undirritaðir kjarasamningar við kennara (aðildarfélög Kennarasambands Íslands). Samningarnir eru gerðir til þriggja ára og hafa í för með sér hækkun launa á tímabilinu um 24,5% sem er verulega umfram kjarasamninga sem gerðir hafa verið við annað launafólk. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lýsa áhyggjum af áhrifum kjarasamninga á rekstur borgarsjóðs og óska því upplýsinga um eftirfarandi: 1. Með hvaða hætti var áætlað fyrir kjarasamningshækkunum í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025? 2. Hvaða áhrif munu fyrirbyggjandi kjarasamningar hafa á borgarsjóð á samningstímabilinu? Hvaða áhrif hafa samningarnir á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025? 3. Hvaða áhrif mun tilfærsla málaflokks barna og ungmenna með fjölþættan vanda yfir til ríkisins frá og með 1. janúar 2026, hafa á rekstur Reykjavíkurborgar á ársgrundvelli? 4. Með hvaða hætti hyggst meirihluti borgarstjórnar bregðast við þeim umframkostnaði sem samningarnir leiða af sér?